



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM STARFSÞRÓUN

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 telur afar mikilvægt að tækifæri og framboð til starfsþróunar verði aukin til mikilla muna. Tryggja þarf réttindi og möguleika félagsmanna til að stunda starfsþróun jafnt á starfstíma skóla sem utan hans. Taka þarf tillit til bæði þarfa og óska einstaklinga og þróunar og stefnu hvers skóla / skólasamfélags.

Brýnt er að finna leiðir fyrir þá sem búa fjarri háskólunum til að stunda nám án þess að þurfa að leggja land undir fót. Þetta þarf að gerast í samstarfi við háskólana.

Aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til skólamálanefndar félagsins að leita leiða til þess að efla starfsþróun félagsmanna utan vinnutíma bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.